

nazar:

Velkomin til Tyrklands! ♥



ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA:

FARARSTJÓRAR / ÞÍN UPPLIFUN / SKOÐUNARFERÐIR / NYTSAMLEGAR UPPLÝSINGAR / HEIMFERÐIN





VELKOMIN TIL BELEK



Belek býður bæði upp á friðsælt umhverfi og mikil gæði. Staðurinn einkennist af glæsilegum lúxushótelum og náttúruparadís með langar sandstrendur ásamt grænum Eukalyptusskógum. Belek er þar fyrir utan þekkt fyrir sína mörgu golfvelli.

Áhugaverðir staðir

Ef þú vilt hvíla þig á sólinni og ströndinni, hefur Belek svæðið upp á ýmislegt annað að bjóða! Við bjóðum upp á ferðir til áhugaverðustu staðanna í skoðunarferðum okkar. Hafðu samband við fararstjóra til að heyra meira um það sem í boði er, eða lestu áfram hér.

Garden of Tolerance – Garður umburðarlyndis

Fallegur garður í hjarta Belek, þar sem moska, kirkja og samkomuhús gyðinga standa hlið við hlið sem merki um umburðarlyndi og friðsæla sambúð. Fullkomið fyrir göngutúr til að hreinsa hugann!

Golf

Í Belek er að finna hvorki meira né minna en 14 golfvelli í heimsklassa og á vorin og haustin er svæðið fullt af golfurum. Hægt er að bóka kennslu hjá einkagolfleiðbeinanda eða prófa skemmtilega en krefjandi golfvöllina á eigin vegum. Endilega hafðu samband ef þú þarft aðstoð við að bóka tíma á vellinum – eða hafðu samband við fararstjóra þinn fyrir frekari upplýsingar.

Perge

Um það bil 30 km norðvestur af Belek er að finna gamla rómverska bæinn Perge, þar sem þú getur gengið á milli mörgbúsund ára gamalla bygginga og meðal annars upplifað hið fræga Artemis hof og velvörðu rómversku böðin.

Verslunarmöguleikar

Það eru takmarkaðir verslunarmöguleikar í Belek og því mælum við með Antalya, ef þú vilt versla. Við skipuleggjum ferðir frá Belek til bestu verslunarstaða Antalya, þar á meðal stærstu verslunarmiðstöð Antalya. Í miðbæ Belek eru nokkrar minjagripabúðir og vefnaðarverslanir.

Ef þig langar að láta reyna á verslunarhæfileika þína á markaði heimamanna þá gefst sá möguleiki einnig í Belek. Hafðu sambandi við fararstjóra fyrir frekari upplýsingar. Athugaðu að dagsetningar og staðsetningar á markaðunum geta breyst með litlum fyrirvara.

Markaður í Belek

Markaður heimamanna þar sem selt er mikið úrval af ávöxtum, grænmeti, vefnaðarvöru, minjagripum og margt margt fleira. Markaðurinn er haldinn á hverjum laugardegi.

Markaður í Kadriye

Nágrannabær Belek, þar sem haldinn er lítill markaður með ávöxtum, grænmeti, og vefnaðarvöru. Markaðurinn er haldinn á hverjum þriðjudegi.



Strendur

Á ströndunum í Belek er dökkur sandur með litlum steinum í. Ef þú vilt fara á aðrar strandir fyrir utan hótelið, getur þú til dæmis farið til Belek Beach Park, þar sem haldin eru strandpartý reglulega.

Heppnin getur líka verið með þér og þú gætir séð sæskjaldböku skriða upp á ströndina til að verpa eggjunum sínum.

Veitingastaðir, barir og skemmtistaðir

Í miðbæ Belek er að finna nokkra veitingastaði, kaffihús og bari, en helstu kvöldafþreyingar eiga sér þó stað innan hótelsvæðanna. Ef þú vilt upplifa stærri veitingastaði, skemmtistaði og þess háttar, mælum við með ferð til Antalya. Fyrir frekari upplýsingar skaltu hafa samband við fararstjóra.



Samgöngur



Hafðu endilega samband við gestamóttökuna á hótelinu ef þig vantar leigubíl og þeir panta fyrir þig bíl. Flestir leigubílar nota gjaldmæli en oft er hægt að semja um fast verð fyrir ákveðna leið, (frá hóteli að miðbæ). Mundu bara að semja fyrirfram.

Strætisvagnarnir dolmus ("troðfullur") er auðveldur fararmáti. Strætisvagnarnir keyra allan daginn, en yfirleitt ekki seint á kvöldin eða á næturnar. Verðið er yfirleitt 2-5 lírur fyrir hverja ferð ef þú ert miðsvæðis. Þú borgar vagnstjóranum um leið og þú gengur inn. Gestum okkar á Susesi Luxury Resort, býðst að fara í dráttarvélaferð í miðbæ Belek og í Belek Beach Park.



Vinstri: Miðbær Belek
Efst: Golfvöllur
Neðst: Markaðurinn í Belek



NYTSAMLEGAR UPPLÝSINGAR UM BELEKSVÆÐIÐ

Bankar og hraðbankar

Haðbanka er að finna í miðbæ Belek og við flest hótél. Banka er að finna bæði í miðbæ Side og einnig í nágrennabænum Kadriye.

Læknar og apótek


Apótek (eczane) er að finna út um allt. Þarftu á lækni að halda, er þér velkomið að hafa samband við fararstjóra okkar. Þú getur líka haft samband við lækni í síma:

Anadolu: +90 242 725 50 00

Póstur og sími

Póstþjónustan í Tyrklandi heitir PTT. Þar getur þú skipt erlendum gjaldeyri í tyrkneskar lírur, ásamt því að geta keypt frímerki og símkort. Til að hringja til Íslands þarftu að slá inn 00354 og svo símanúmerið.

SKOÐUNARFERÐIRNAR OKKAR



Komdu með í skoðunarferðir og upplifðu fjölbreytileika Tyrklands! Ertu fyrir sól og afslöppun, fjöruga frídaga, fallega náttúru, spennandi menningu og sögu eða fullt af skemmtun fyrir alla fjölskylduna? Þá erum við með skoðunarferð sem hentar þér. Komdu til fararstjóra okkar ef þú vilt vita meira og bóka þína skoðunarferð. Fyrir góða yfirsýn höfum við skipt skoðunarferðum okkar í nokkra mismunandi flokka.

Nazar Uppáhalds

Okkar allra vinsælustu skoðunarferðir með fullt af sól og vatni og nokkrir af suðurstrandarinnar best þekktu stöðum.

Nazar Fjölskylda og Ævintýri

Hér er upplifun og skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Farið til dæmis í okkar frægu sjóræningja-skemmtisiglingu!

Nazar Menning og Dekur

Komdu eins nálægt ekta Tyrklandi og hægt er. Hér öðlastu minningar fyrir lífstíð.

Nazar Sport & Spenna

Viltu fá adrenalínið til að streyma í fríinu? Leiktu þá lausum hala á leiksvæði náttúrunnar!

Nazar Verslun & VIP


Möguleiki á að versla og að fara í VIP skoðunarferðir.

Nazar Extra

Prófaðu alþjóðlegu skoðunarferðirnar okkar eða skoðaðu Tyrkland á eigin vegum og leigðu þér bíl.



NAZAR UPPÁHALDS



Istanbúl með flugi

Istanbúl er eini staðurinn sem liggur í tveimur heimsálfum, bæði Asíu og Evrópu. Istanbúl sameinar á skemmtilegan hátt nútímalegt vestrið með heillandi austrinu. Í skoðunarferðinni skoðum við þekktustu staðina eins og t.d. Topkapi höllina og bláu Moskuna. Seinni partinn hefur þú einnig möguleika á að koma með í siglingu á Bosporussund og fara á Egypska basarinn. Þessi skoðunarferð er farin með flugi frá Antalya.

Fullorðnir og börn: **169 €** á mann

Dagur ferðar: Laugardaga frá Antalya, Belek, Side, Incekum og Alanya.

Sea Dream Sigling

(eingöngu fyrir fullorðna)

Njóttu frábærs síðdegis á siglingu um heiðblátt Miðjarðarhafið. Við yfirgefum borgina og meginlandið og njótum þess að sleikja sólskinið og synda með „allt innifalið“ drykki og ferska ávexti. Allir gestir fá baðhandklæði um borð í bátnum en mikið pláss er um borð til að njóta afslappaðs andrúmsloftsins. Við komum til hafnar aftur snemma kvölds.

Athugið að þessi skoðunarferð er eingöngu ætluð fullorðnum.

Fullorðnir: **29 €**

Dagur ferðar: Fimmtudag frá Incekum og Alanya.



Green Canyon

Green Canyon býður upp á afslappandi og stressfrían sumardag í fallegu umhverfi við vatnið. Oymapinarstíflan sem er 185 metra há, er afar áhrifamikil og uppistöðulónið glitrar fallega í grænum tónum umlykið fjöllum. Við eyðum deginum á bátnum í afslappandi náttúrunni. Á milli sundsprettu er snæddur hádegisverður á veitingastað við fjallsræturnar með útsýni yfir vatnið.

Fullorðnir: **65 €**

Börn 7-14 ára: **32 €**

Börn 0-6 ára: **Frítt**

Dagur ferðar: Þriðjudag frá Antalya, Belek, Side, Incekum og Alanya



Manavgat sigling og verslun

Verslun og sólbað, en dásamlegur sumarfrísdagur! Markaðurinn í Manavgats er vinsælasti markaður Antalya svæðisins en þar selst allt á milli himins og jarðar. Við förum einnig í vefnaðarvöruoutlet og þegar að innkaupapokarnir eru fullir siglum við um hið smargaðsgræna Manavgatfljót. Við köstum akkeri við ströndina þar sem hægt er að kæla sig niður í köldu fljótinu, eða ganga yfir ströndina og njóta þess að synda í hinu heiðbláa Miðjarðarhafi.

Fullorðnir: **39 €**

Börn 7-14 ára: **20 €**, Börn 0-6 ára: **Frítt**

Dagur ferðar: Mánudag frá Antalya, Belek, Side, Incekum og Alanya



Dim Cay

Dim Cay svæðið er það fallegasta við Alanya. Kalt ferskvatn streymir frá Taurusfjöllunum og það er dásamlegt að eyða heilum degi hér við sund og afslöppun. Vatnið er mjög svalandi, sérstaklega yfir heitustu sumarmánuðina, svo að svæðið er mjög vinsælt á meðal innfæddra. Í stóra Dim Cay Dropasteinshellinum dáleiðumst við svo af fallegum dropasteinum og á plantekrunni erum við kynnt fyrir þeim ávöxtum sem ræktaðir eru í nágrenninu.

Fullorðnir: **35 €**

Börn 7-14 ára: **17 €**

Börn 0-6 ára: **Frítt**

Dagur ferðar: Laugardag frá Incekum og Alanya



Perlur Antalya

Yfir milljón manns búa í Antalya en staðurinn liggur í 39 metra hæð yfir sjávarmáli. Hér eru fjölmargir fossar og við skoðum þann fallegasta af þeim öllum Düden-fossinn. Stærsta aðdráttarafl Antalya er án efa gamli bærinn Kaleici, með sínar fallegu götur, góða verslunarmöguleika og veitingastaði, en einnig skoðum við vinsælasta aðdráttarafl svæðisins hið forna og fallega Hadrian's Gate.

Fullorðnir: **20 €**

Börn 7-14 ára: **10 €**

Börn 0-6 ára: **Frítt**

Dagur ferðar: Miðvikudag frá Antalya og Belek



Perlur Alanya

Heillandi Alanya er umvafin stórkostlegum Taurusfjöllum og túrkísbláu hafi. Frá Alanya kastalnum er dásamlegt útsýni yfir borgina úr 250 metra hæð. Damlatas hellirinn er þekktur fyrir fegurð og leyndardómsfullan lækningarmátt andrúmsloftsins í hellinum. Skoðunarferðinni lýkur með kvöldverði við sólarlag um borð í bát eða á líflegu hafnarsvæði Alanya.

Fullorðnir: **35 €**

Börn 7-14 ára: **17 €**

Börn 0-6 ára: **Frítt**

Dagur ferðar: Miðvikudag frá Incekum og Alanya



NAZAR FJÖLSKYLDA & ÆVINTÝRI





Sjóræningjasigling

Komdu með Kapteini Nemo og áhöfn hans í frábæran ævintýradag á Manavgatflóðinu. Þetta verður dagur fullur af leik og fjöri um borð í sjóræningjaskipinu og þegar við köstum akkeri og förum í land þá hefst stóra fjársjóðsleit. Alþjóðlegir sjóræningjarnir gera daginn ógleymanlegan og allir sjóræningjar litlir og stórir eru velkomnir með.

Fullorðnir: **35 €**

Börn 3-12 ára: **20 €**, Börn 0-2 ára: **Frítt**

Dagur ferðar: Þriðjudag frá Side, Incekum og Alanya



Vatnaveröld

Alveg sama hvort þér líkar best við brattar brautir eða ert varkárari týpa þá er hér pottþétt eitthvað sem passar fyrir þig. Í vatnsskemmtigarðinum eru vatnsrennibrautir og sundlaugar fyrir allan aldur. Einnig bjóðum við miða á hagstæðu verði fyrir „einungis aðgang“ til margra ólíkra vatnsskemmtigarða. Myndin er frá Troy vatnsskemmtigarðinum.


Troy: 42/28* €, Börn 3-11 ára: **29/19* €**, Börn 0-2 ára: **Frítt**.

Ferðadagur: Mán/fös frá Antalya og Belek. Ef bara aðgangur: allir dagar. *einungis aðgangur.

Vatnaveröld (Waterplanet): 36 €, Börn 3-11 ára: **22 €**, Börn 0-2 ára: **Frítt**

Dagur ferðar: Mán/lau frá Side, Þri/lau frá Incekum og Alanya.

Damlatas Aquapark: 16 €, Börn 3-11 ára: **9 €**, Börn 0-2 ára: **Frítt**, Dagur ferðar: Alla daga fyrir eingöngu aðgang.



Sædyrasafn

Sædyrasafn Antalya er eitt það stærsta í heiminum og hýsir margskonar litaglaða fiska frá öllum heiminum. Sjá má bæði stóra sem smáa fiska, fallega og skelfilega. Hákarlar og skötur synda yfir okkur í 131 meters langa fiskabúrinu. Innréttingarnar í sædyrasafninu eru einstakar með bæði flugvéla- og skipsflökum og stærðarinnar kóralrífi. Í snjólandinu „Snow World“ getur þú rúllað þér um í snjónum og gert snjóbolta jafnvel þó að hitamælirinn úti vísi tæpar 40 gráður.

Fullorðnir: **49 €** (Ef valið er eingöngu aðgang **25 €** er Snow World ekki innifalinn); Börn 7-12 ára: **39 €** (eingöngu aðgangur: **17 €**), Börn 0-6 ára: **Frítt**; Dagur ferðar: Fim & sun frá Antalya og Belek. Eingöngu aðgang er hægt að fá alla daga.

Letidags sigling

Sól, sjór og sund í bland með algjörrri afslöppun, er lýsandi fyrir þennan dag. Njóttu sólarinnar með kaldan drykk í hendi á þílfari skipsins – það verður ekki betra! Stingdu þér út í hafið og njóttu þess að kæla þig aðeins niður í Miðjarðarhafinu. Við setjum niður akkeri og tökum sundpásur meðfram ströndinni við fallega kletta og græna skóga. Í ferðinni er „allt innifalið“.

Fullorðnir: **42 €** frá Antalya og Belek,

39 € frá Side, Incekum og Alanya-svæðinu


Börn 7-14 ára: **20 €**, Börn 0-6 ára: **Frítt**

Dagur ferðar: Mán & fös frá Antalya og Belek, Mið frá Side og Mið & Sun frá Incekum og Alanya.





NAZAR MENNING OG DEKUR





Hamam – tyrkneskt bað

Allir tyrkneskir bæjir hafa minnst eitt hamam en hefðinni samkvæmt er farið reglulega í hamam og oft fara jafnvel vinir saman. Svo að hamam er ekki bara til að vera hreinn og afslappaður heldur er einnig félagsleg athöfn. Fyrst er setið í hlýju marmaraherbergi til að mýkja upp húðina. Síðan er líkaminn skrubbaður með þvottahanska til að fjarlægja dauðar húðfrumur áður en sápunuddið byrjar. Þannig verður húðin dásamlega hrein og fin en síðasta skrefið er notalegt olíuudd.

Fullorðnir: **29 €**, Á Pegasos hótélunum getur þú keypt hamam pakkann á **42 €**, Börn 7-14 ára: **15 €**, Á Pegasos hótélunum: **21 €**, Börn 0-6 ára: **Fritt**, Dagur ferðar: Alla daga frá Antalya, Belek, Side, Incekum og Alanyasvæðinu. Daglega frá Pegasoshótélunum fyrir hótelpasti.

Himinn og haf Phaselis

Við rúnir Phaselis fáum við að sjá fornu höfnina, götuna og fallega hringleikahúsið. Við förum með einni lengstu línu í Evrópu með kláf upp á topp á hinu ótrúlega 2.300 metra háu Tahtali fjalli. Heillandi útsýnið blasir við yfir fjallasal og glitrandi haf. Hádegisverður er borin fram í guðsgrænni náttúrunni við vatnsnið frá litlum fallandi fossum.

Fullorðnir: **64 €**

Börn 7-14 ára: **32 €**

Börn 0-6 ára: **Fritt**

Dagur ferðar: Miðvikudag frá Antalya og Belek.



Mitt Tyrkland

Langt í burtu frá ys og þys stórborgarinnar er skoðunarferð um „mitt Tyrkland“ þar sem við fáum að sjá hversdagslíf í litlu fjallaborpi. Við heimsækjum fallett þorp úti á landi og skoðum moskuna þeirra og venjulegt sögulegt heimili þar sem við borðum hádegisverð. Við skoðum einnig skóla þorpsins en 1 evra af verðinu rennur til skólans fyrir viðhaldi og efniskostnaði.

Fullorðnir: **35 €**

Börn 7-14 ára: **17 €**

Börn 0-6 ára: **Fritt**

Dagur ferðar: Fimmtudag frá Side, Incekum og Alanya.



Alanya Delight

Alanya Delight er besta skoðunarferðin til áhugaverðustu staðanna í Alanya. Að skoða kastalann býður upp á dáleiðandi útsýni yfir Taurusfjöllin og Kleópötruströndina og Dim hellirinn bíður með sína frábæru dropasteina. Hellirinn er sá næst stærsti sem er opin fyrir almenning. Dim Cay fljótið sýnir fallegustu hlið Alanya og er fullkomið fyrir þá sem vilja slappa af og synda. Einnig er frír tími til að versla í miðbæ Alanya.

Fullorðnir: **46 €**

Börn 7-14 ára: **23 €**

Börn 0-6 ára: **Fritt**

Dagur ferðar: Miðvikudag frá Side og Incekum.





NAZAR SPORT & SPENNA



River Rafting

Vilt þú gera eitthvað fleira í þínu sumarfrii en að liggja í sólbaði við sundlaugina? Vildu njóta sólarinnar í aðeins líflegra umhverfi? Fylltu þá einn frídaginn þinn með adrenalíni, busli, látum og fjöri í raftingbát í straumharðri ánni! River Rafting er mjög skemmtileg íþrótt sem stunduð er í Koprulu Canyon og passar vel fyrir þá sem aldrei hafa prófað áður. Einnig er stoppað á leiðinni svo hægt sé að synda eða bara láta sig fljóta um.

Fullorðnir: **49 €**

Lágmarksaldur: **12 ára**

Dagur ferðar: Þriðjudag og laugardag frá Antalya, Belek, Side, Incekum og Alanya.

Utanvega Jeppasafarí

Jeppasafarí er ein af frábærustu upplifunum sem Tyrkland hefur upp á að bjóða. Við keyrum langt frá ys og þys stórborgarinnar upp til rólegheitanna í Taurusfjöllum. Á leiðinni þangað stoppum við og skoðum fallega náttúruna, konungleg fjöllin og gróskumikla skógin. Í þessari ferð förum við um staði sem nær ómögulegt er að finna upp á eigin spýtur. Komdu með og njóttu þess að eiga afslappaðan og nýstárlegan dag.

Fullorðnir: **44 €**

Börn 7-14 ára: **22 €**

Dagur ferðar: Mán, mið & fös frá Antalya og Belek. Þri, lau & sun frá Side, Incekum og Alanya.



Fullt fjör

Jeppasafarí og „river rafting“ á einum og sama deginum? Já núna er mögulegt að sameina þessi tvö uppáhalds! Við byrjum daginn með jeppasafarí og stefnum svo á fjöllin og fallega náttúruna. Eftir hádegismat skiptum við út jeppunum fyrir „river rafting“ bát og höldum ferðinni áfram á beljandi fljótinu Köprülü Canyon! Það eina sem þú þarft að taka með þér er ævintýralöngunina, sundföt og föt til skiptanna og þá ertu tilbúin í ævintýraferð!

Verð: **65 €**

Lágmarksaldur: **12**

Dagur ferðar: Föstudaga frá Belek og Side

Aladdin Canyoning

Þessi ferð er full af hreyfingu og fjöri. Hér er boðið upp á klifur, sund og hopp út í frískandi vatnið úr bæði mikilli og eins minni hæð. Skoðunarferðin er farin í fallegu fjallaumhverfi þar sem við förum í gegnum þröng gil og háar hæðir. Þetta er fullkomin ferð fyrir þá sem þrá smá adrenalínskot. Við mælum með því að þátttakendur séu í góðu formi fyrir þessa skoðunarferð.

Fullorðnir: **59 €**

Börn 7-13 ára: **30 €**

Dagur ferðar: Þriðjudag og laugardag frá Belek, Side, Incekum og Alanya.





Fjór hjóla Safari

Vilt þú hafa líf og fjör í þínu sumarfrí? Þá er Fjór hjóla safari eflaust eitthvað fyrir þig! Fjór hjóla Safari er meira en bara ryk og hjólför, því það getur verið reglulega skemmtileg upplifun í guðsgrænni náttúrunni við suðurströnd Tyrklands. Þessi skoðunarferð er ætluð stærri hópum sem vilja skemmta sér á leikvelli náttúrunnar.

Verð: 49 €

Lágmarksaldur: 16 ár

Dagur ferðar: Daglega frá Antalya, Belek, Side, Incekum og Alanya.

Deluxe Safari

Best er að lýsa Deluxe Safari sem nútíma útgáfu af Jeppasafari, sem farin er í Amarak-jeppum með loftkælingu. Við skoðum skógi þaktar hlíðarnar og hið frábæra Anatolia fjall. Á leiðinni förum við yfir fljót á litlum bát svo ekki gleyma að taka sundfötin með. Ein evra af verðinu rennur til plöntunar á nýjum trjám en mikill skógarbruni var á svæðinu 2008.

Fullorðnir: 79 €

Börn 7-14 ára: 57 €

Dagur ferðar: Miðvikudag frá Antalya, Belek, Side, Incekum og Alanya.



Köfun

Tyrkland er fullkomið bæði fyrir vana og óvana kafara, þökk sé hitanum og tæru vatninu. Undir vatnsyfirborðinu er heill heimur af ólíkum fiskum og einnig skjaldbököm. Hér er einnig margt að kanna fyrir vana kafara eins og til dæmis gömul flök, hellar og holur. Í köfunarferðinni færðu fræðslu um undirstöðuatriðin í köfun og þú færð að kafa tvisvar sinnum undir eftirliti frá vönum kafara.

Verð: 65 € á mann (án köfunar 22 €)

Lágmarksaldur: 14 ára

Dagur ferðar: daglega frá Antalya, Belek, Side, Incekum og Alanya.



Golf

Tyrkland er mjög vinsæll ákvörðunarstaður á meðal golfara þökk sé góðum golfvöllum, hótélum í hæsta gæðaflokki og frábærri þjónustu. Belek er með marga golfvelli, sumir flottari en aðrir en margir af golfvöllum eru hannaðir af þekktum nöfnum eins og til dæmis Feherty, Montgomerie, Dye, Thompson og Faldo. Fararstjórnirnar okkar hjálpa gjarnan til við að bóka tíma og akstur til og frá hótelinu þínu.

Dagur ferðar: eftir samkomulagi.





NAZAR VERSLUN & VIP





Antalya VIP Deluxe

Einkaskoðunarferð með enskumælandi fararstjóra, smárútu og bílstjóra. Hér skoðum við hringleikahúsið Aspendos sem er þekkt fyrir sinn fullkomna hljómburð og er eitt það best varðveitta. Düden fossinn fær að dáleiða okkur með fegurð sinni, smáum stígum og óskahelli á bakvið fossinn. Deginum lýkur með skoðunarferð í sögufræga og heillandi hluta Antalya með fallegu útsýni yfir höfnina.

Verð fyrir 4 þátttakendur: **96 €** á mann, Verð fyrir 2 þátttakendur: **159 €** á mann, Dagur ferðar: Eftir samkomulagi frá öllum áfangastöðum.

Verslunarferð við sólsetur, Side

Þegar hitastigið lækkar og sólin er að setjast, er farið í verslunarferð í bestu búðirnar í Side! Við förum í stóra skartgripaverslun, leðurverslun og kryddverslun og röltum um huggulegar göturnar og njótum kvöldstemningarinnar á meðal margra skemmtilegra verslanna borgarinnar. **Við kaup á skoðunarferð frá okkur, býðst þér að fara frítt í þessa ferð.**

Fullorðnir: **12 €**, Börn 0-14 ára: **Frítt**
Dagur ferðar: Föstudaga og sunnudaga frá Side



Verslunarferð við sólsetur, Alanya

Þegar liða fer á kvöldið er farið í verslunarferð í bestu búðirnar Alanya. Við förum í stóra skartgripaverslun, leðurverslun og kryddverslun og röltum um huggulegar göturnar og njótum stemningarinnar á meðal skemmtilegra verslanna borgarinnar. Einnig gefst frír tími til að versla meira eða til að skoða staðinn betur og heillandi hafnarsvæðið og markaðinn. **Við kaup á skoðunarferð frá okkur, býðst þér að fara frítt í þessa ferð.**

Fullorðnir: **12 €**, Börn 0-14 ára: **Frítt**
Dagur ferðar: Fös og sun frá Side.



Antalya verslunarferð

Antalya býður upp á frábæra verslunarmöguleika og hér förum við á alla bestu staðina. Stóra leðurverslunin selur nútímalegar leðurvörur og í skartgriðabúðinni er mikið úrval af skartgripum fyrir alla. Í einni stærstu og flottustu verslunarmiðstöð Antalya er frjálfs tími til að skoða úrvalið eða bara fá sér kaffibolla á einu af kaffihúsunum. **Við kaup á skoðunarferð frá okkur, býðst þér að fara frítt í þessa ferð.**

Fullorðnir: **12 €**, Börn 0-14 ára: **Frítt**
Dagur ferðar: Sunnudaga frá Incekum og Alanya



Manavgat Markaður & Verslun



Í Manavgat ríkir ekta markaðsstemning full af lífi og litum með angan af ferskum ávöxtum. Markaðurinn er opinn frá sólarupprás til sólseturs og hér má sjá bæði heimamenn og ferðalanga. Verðið á vefnaðarvöru og öðrum vörum þarf yfirleitt að semja um eins og á öllum ósviknum mörkuðum. En einnig er mögulegt að kaupa vefnaðarvöru á föstu verði í vefnaðarvöruoutletinu þar sem finna má vefnaðarvöru bæði fyrir heimilið sem og alla fjölskylduna.

Fullorðnir: **19 €**, Börn 7-14 ára: **9 €**, Börn 0-6 ára: **Frítt**
Dagur ferðar: Fimmtudag frá Side, Incekum og Alanya.





NAZAR EXTRA



Kappadokien

Náttúruparadísin Kappadokien með sína náttúrlegu bergmyndanir og neðanjarðar borgir er eitthvað sem ótrúlegt er að upplifa. Sofandi eldfjöll, tíminn og kraftur náttúrunnar hefur skilið eftir ævintýrlegt landslag. Í klettunum má sjá úthöggnað kirkjur, hús og jafnvel heila bæi. Á sumrin er þessi skoðunarferð skipulögð sem eins dags ferð með flugi. Hafðu samband við fararstjórnann þinn fyrir frekari upplýsingar.

Fyrir tvo daga með hóteli: Fullorðnir: **135 €**,
Börn 7-14 ára: **68 €**, Börn 0-6 ára: **Frítt**
Dagur ferðar: Mánudag frá Antalya, Belek, Side, Incekum og Alanya.

Fyrir einn dag með flugi: Verð: **189 €**
Dagur ferðar: Þriðjudag frá Antalya, Belek, Side, Incekum og Alanya.



Himinn & Haf

Ein lengsta línan í Evrópu þar sem hægt er að taka kláf upp á topp á hinu ótrúlega 2.300 metra háu Tahtali fjalli. Landslagið er fallegt og grípandi en það er útsýnið yfir glitrandi blátt Miðjarðarhafið einnig.

Fullorðnir: **49 €**, Börn 7-14 ára: **25 €**, Börn 0-6 ára: **Frítt**
Dagur ferðar: Miðvikudaga frá Antalya

Fire of Anatolia/Troy

Þessi heimspekkta dansflokkur með yfir 100 meðlimi, skemmtir okkur allt sumarið með frábærum dögum á sviði Gloria Apendos. Dansflokkurinn á heimsmet með sín 241 dansspor á mínútu en þessi frábæra sýning hefur verið sýnd í yfir 85 löndum um allan heim.

Fullorðnir: **52-55 €**, Börn 7-11 ára: **15 €**, Börn 0-6 ára: **Frítt**
Dagur ferðar: Þriðjudag og föstudag frá Antalya, Belek, Side, Incekum og Alanya.



Pamukkale

Pamukkale er ein af vinsælustu náttúruperlum Tyrklands! Heitt kalkríkt vatnið flýtur niður frá 100 metra háum klettavegg og hefur myndað svo kallaðar verandir eða litlar dropasteinsformaðar kalksteinslaugar. Vatnið þykir hafa lækningamátt á meðal annars húð- og hjartasjúkdóma. Einnig er vatnið talið hafa yngingarmátt. Í skoðunarferðinni skoðum við einnig rústir af fornum bæ.

Fullorðnir: **72 €**, Börn 7-14 ára: **36 €**, Börn 0-6 ára: **Frítt**
Dagur ferðar: Föstudag frá Antalya, Belek, Side, Incekum og Alanya.

Ókeypis akstur Leitar þú að bestu minjagripunum eða veitingahúsunum? Margir samstarfsaðilar okkar bjóða upp á fría akstursþjónustu frá flestum hótélunum okkar. Hafðu samband við fararstjórnann þinn fyrir frekari upplýsingar eða til að bóka akstur.

Leigja bíl Þú getur fundið áhugaverða staði og fallega náttúru út um allt Tyrkland. Hafðu sambandi við fararstjóra fyrir frekari upplýsingar um bílaleigur og fáðu hugmyndir að góðum ferðum sem þú getur sjálf/ur skipulagt.